



# YTRA MAT Á BREIÐHOLTSSKÓLA

Unnin fyrir Skóla- og frístundasvið  
Reykjavíkur

Birna Sigurjónsdóttir og Oddný Eyjólfsdóttir  
Maí 2017

## Efnisyfirlit

<b>Inngangur</b>	<b>3</b>
<b>Aðferðir og framkvæmd úttektar</b>	<b>4</b>
<b>Niðurstöður</b>	<b>5</b>
Stjórnun	5
Mannauður	5
Skólabragur	6
Samskipti	6
Lokaorð	7

## Inngangur

Í skýrslu þessari er gerð grein fyrir niðurstöðum ytra mats í Breiðholtsskóla sem fram fór á vordögum 2017.

Markmið ytra matsins var að leggja mat á stjórnun skólans, þætti innra mats og mannauð með áherslu á samskipti.

Þeir þættir sem skoðaðir voru:

- **Stjórnun skólans.** Þeir þættir sem fjallað var um voru: skipulag, fagleg forysta og skólaþróun og þættir í innra mati
- **Skólabragur.** Þeir þættir sem fjallað var um undir skólabrag voru: stefna og viðhorf, líðan nemenda, einelti og skólareglur
- **Samskipti** innan skólans og upplýsingamiðlun og samskipti við foreldra

Matið er unnið fyrir Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur og fólu stjórnendur Birnu Sigurjónsdóttur og Oddnýju Eyjólfsdóttur framkvæmd þess.

Í Breiðholtsskóla eru, skólaárið 2016-2017, um 440 nemendur í 1.-10. bekk. Skólastjóri, Jónína Ágústsdóttir, var í veikindaleyfi þegar matið fór fram og skólastjóri í afleysingu var Guðlaug Sturlaugsdóttir. Aðstoðarskólastjóri er Anna Sigríður Pétursdóttir.

Hér á eftir verður fyrst gerð grein fyrir framkvæmd úttektarinnar og gagnaöflun og því næst verða niðurstöður settar fram.

## Aðferðir og framkvæmd úttektar

Matsmenn sátu fund með starfandi skólastjóra Guðlaugu Sturlaugsdóttur og tengilið skólans við matsmenn Kristínu Gunnarsdóttur, deildarstjóra í apríl 2017 en áður hafði skóla- og frístundasvið sent starfsmönnum skólans bréf þar sem ytra matið var kynnt. Matsmenn óskuðu eftir því við skólastjóra að foreldrum yrði sendur tölvupóstur þar sem matið væri kynnt og netföng matsmanna gefin upp þannig að foreldrar gætu komið skoðunum sínum á framfæri.

Matsmenn kynntu sér starfsáætlun Breiðholtsskóla 2016-17, niðurstöður kannana, sjálfsmatsskýrslu, umbótaáætlun 2015-2017 og önnur gögn um skólann. Gagnaöflun fór fram í lok apríl og byrjun maí, þar sem matsmenn fóru á vettvang til að taka viðtöl og ræða við rýnihópa. Gagna var aflað á eftirfarandi hátt:

Rýnt í niðurstöður eftirfarandi kannana:

- Niðurstöður úr nemendakönnunum Skólapúlsins 2015-2017
- Niðurstöður úr starfsmannakönnunum Reykjavíkurborgar 2015 og 2017
- Niðurstöður úr foreldrakönnunum Skólapúlsins 2013-2015

Viðtöl/rýnihópar/samtöl:

- Viðtal við skólastjóra Breiðholtsskóla
- Viðtal við aðstoðarskólastjóra Breiðholtsskóla
- Viðtöl við báða deildarstjóra
- Rýnihópaviðtöl við nemendur í 2.-6. bekk og við nemendur í 7.-10. bekk. Í samráði við tengilið voru valdir tveir úr hverjum árgangi, og reynt að hafa hlutfall kynja sem jafnast. Samþykkis foreldra var leitað fyrir þátttöku nemenda.
- Rýnihópaviðtöl við kennara, tveir hópar, valdir með slembivali
- Rýnihópaviðtal við almenna starfsmenn
- Rýnihópaviðtal við skólaráð
- Rýnihópaviðtöl við foreldra, alls voru boðaðir þrír hópar, tveir valdir með slembivali og féll annar þeirra niður vegna slakrar mætingar. Tengiliður var loks beðinn að boða foreldra sem sitja í stjórn foreldrafélags eða eru bekkjarfulltrúar
- Tvisvar var boðið upp á opinn tíma þar sem starfsmenn gátu skráð sig til viðtals og voru þeir vel nýttir.

Stuðst var við viðmið fyrir ytra mat á grunnskólum sem unnin voru í samstarfi skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar og Námsmatsstofnunar.<sup>1</sup>

<sup>1</sup> Viðmið um gæði í skólastarfi fyrir ytra mat á grunnskólum  
[http://reykjavik.is/sites/default/files/vidmid\\_um\\_gaedi\\_i\\_skolastarfi.pdf](http://reykjavik.is/sites/default/files/vidmid_um_gaedi_i_skolastarfi.pdf)

## Niðurstöður

### Stjórnun

#### Styrkleikar

Stjórnendur skólans leggja áherslu á að stefnu Breiðholtsskóla varðandi faglegt starf og skólaþróun hafi verið framfylgt undanfarin ár. Í rýnihópum var lýst ánægju með innleiðingu Byrjendalæsis og gott utanumhald í því verkefni enda sýni nemendur mælanlegar framfarir á lesskimun í 2. bekk og LOGOS í 3. bekk. Í sjálfsmatsskýrslu er ítarlegur listi yfir próf og skimanir. Í umbótaáætlun er skorkort skólans þar sem tilgreind eru markmið og aðgerðir.

#### Tækifæri til umbóta

- Tryggja eins og kostur er stöðugleika í stjórnendateymi skólans.
- Samráð og samstarf stjórnenda þarf að efla.
- Stjórnendateymi sinni bæði faglegri og rekstrarlegri stjórnun.
- Uppfæra skipurit þannig að það endurspegli skipulag stjórnunar.
- Skýra verkaskiptingu stjórnenda og og uppfæra starfslýsingar þeirra.
- Fylgja því eftir að starfsmenn vinni eftir starfslýsingum.
- Innleiða uppeldis- og samskiptastefnu í samvinnu við hagsmunaaðila skólasamfélagsins.
- Samræma símenntunar- og þróunaráætlun.
- Fylgja eftir innleiðingu allra þróunarverkefna og festa þau í sessi.
- Birta niðurstöður úr öllum prófum, skimunum og könnunum í sjálfsmatsskýrslu.
- Skilgreina ábyrgðaraðila fyrir framgangi einstakra verkefna í skorkorti.
- Gera grein fyrir hvernig umbótum er fylgt eftir.
- Tilgreina aðgerðir varðandi markmið sem ekki hefur verið náð.
- Birta umbótaskýrslur og kynna fyrir hagsmunaaðilum.

### Mannauður

#### Styrkleikar

Í starfsmannakönnun Reykjavíkurborgar árið 2017 eru flestir þættir jákvæðari en í sambærilegri könnun árið 2015 þar á meðal er viðhorf starfsmanna til stjórnunar skólans jákvæðara en var 2015. Í rýnihópum kom ítrekað fram að innan skólans væri mikill mannauður. Foreldrakönnun er frá 2015 en þá var ánægja foreldra með stjórnun skólans svipuð og er í meðaltali sambærilegra skóla á landsvísu.

#### Tækifæri til umbóta

- Vinna skýra skólastefnu með aðkomu hagsmunaaðila skólasamfélagsins.
- Vinna áætlun um aðgerðir gegn einelti samkvæmt rg. 1009/2015.
- Leggja áherslu á að ná festu í starfsmannahaldi.
- Vinna að samstöðu og samkennd starfsmannahópsins og bæta starfsandann.
- Efla íslenskufærni erlendra starfsmanna.
- Kanna viðhorf foreldra til skólastarfsins reglulega.

## Skólabragur

### Styrkleikar

Uppeldisstefnan PBS var innleidd í skólanum fyrir nokkrum árum og er enn í notkun að einhverju leyti. Reglulegar kannanir eru lagðar fyrir til að kanna líðan nemenda. Að mati foreldra í rýnihópi er skólabragurinn heilt yfir góður og börnunum líður vel. Í umbótaáætlun skólans kemur fram að öflugt eineltisteymi sé starfandi og vinni eftir verkferlum þegar ábendingar um einelti koma fram. Nýjar skólareglur eru í vinnslu og í yngri deildum og í unglingadeild hafa kennarar og nemendur mótað reglur fyrir árganginn.

### Tækifæri til umbóta

- Móta skýra stefnu um jákvæðan skólabrag og leiðir sem farið er til að innleiða og viðhalda honum.
- Stjórnendur hafi forystu um aðgerðir til að viðhalda góðum skólabrag.
- Allt starfsfólk sameinist um að vinna eftir þeirri uppeldisstefnu sem skólinn velur.
- Móta skýrt verklag til að bregðast við þegar nemendur búa við líkamlegt, andlegt eða félagslegt ofbeldi í skólastarfinu.
- Setja reglulega bekkjarfundi á stundaskrá allra árganga.
- Vinna markvisst að betri líðan nemenda með hliðsjón af niðurstöðum kannana.
- Móta eineltisáætlun þar sem áhersla er lögð á forvarnir og fyrirbyggjandi aðgerðir.
- Bregðast við niðurstöðum kannana sem gefa til kynna að nemendur verði fyrir einelti.
- Allt starfsfólk taki höndum saman um að fyrirbyggja einelti og bregðast hratt við þegar það kemur upp og vinna með foreldrum að því að fyrirbyggja og uppræta einelti.
- Ljúka mótun skólareglna fyrir skólann í samstarfi við fulltrúa nemenda og foreldra.

## Samskipti

### Styrkleikar

Hluti kennarahópsins er ánægður með samskipti við skólastjóra og lýsa því að gott sé að leita til hennar og fá umræðu um verkefni og framkvæmd og hún sé með góðan vilja til að vera fagleg og taka upp nýjungar. Kennarar og aðrir starfsmenn segja samskipti góð innan þess hóps sem vinnur nánast saman. Starfsmenn og kennarar segjast eiga góð samskipti við nemendur. Foreldrafélag Breiðholtsskóla hefur verið öflugt og staðið fyrir ýmsum viðburðum í samstarfi við skólann m.a. fjölmenningsrátið sem félagið fékk nýlega viðurkenningu fyrir.

### Tækifæri til umbóta

- Tryggja að stjórnendur vinni saman að framkvæmd skólastefnu og taki eins á málum sem upp koma.
- Leita leiða til að bæta samskipti innan starfsmannahópsins og milli stjórnenda og starfsmanna.
- Tryggja að allir starfsmenn fái upplýsingar sem þeir þurfa á að halda vegna starfs síns.
- Endurvekja starfsmannafélag með þátttöku allra starfsmanna.
- Allir starfsmenn virði trúnað og vandi umtal um samstarfsfólk og nemendur.
- Leita eftir ráðgjöf um samskipti heimila og skóla með það að markmiði að efla gagnkvæmt traust.
- Taka aftur upp reglulega fundi skólaráðs og virkja það til samráðs um ákvarðanir í skólastarfinu.

## Lokaorð

Mikilvægt er að grípa til aðgerða til bæta skólastarf í Breiðholtsskóla með hagsmuni nemenda að leiðarljósi, styrkja stjórnunina, bæta skólabraginn og samskiptin og ná stöðugleika í starfsmannahaldi. Jafnframt er mikilvægt að standa vörð um þá styrkleika sem komu fram hjá viðmælendum og einkenna skólann:

*Erum með flotta nemendur sem hægt er að fá til að vinna vel.*

*Frábær verkefni í gangi; lestrarátakið, heilsuátakið.*

*Gott starfsfólk; dýrmætt sem við eigum að hlúa að.*

*Gott foreldrafélag.*